Skráning fóðurfyrirtækis

Aðgerð **Úttak** **Ábyrgð og framkvæmd**



1. Umsækjandi fyllir út rafrænt eyðublað um skráningu fóðurfyrirtækis í þjónustugátt MAST (Umsóknir/áburður og fóður 1.03). Þegar umsækjandi velur aðgerðina „senda“ er mál stofnað í málakerfi. Heiti máls verður „Skráning fóðurfyrirtækis“ undir málalykli 3.2.3 (SKRA-017).
- Umsókn sendist sjálfkrafa til ábyrgðaraðila hennar (sérfræðingur fóðurmála á MÖN). Umsækjandi getur fylgst með stöðu máls í þjónustugátt (ekki hafið/í vinnslu/lokið).
- Öll gögn vegna samskipta við umsækjanda skal vista undir málinu. Sérfræðingur á MÖN annast framkvæmd vinnulýsingarinnar sbr. tl. 2-4.

2. Starfsmaður kannar gögn sem fylgja tilkynningunni og athugar hvort allar nauðsynlegar upplýsingar fylgja, þ.e. nafn fyrirtækis, heimilisfang, kennitala, síma- og faxnúmer, tölvupóstur og nafn ábyrgðarmanns sem og upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins. Hann sendir athugasemdir með tölvupósti og kallar eftir frekari gögnum ef þörf krefur.

3. Starfsmaður skráir fyrirtækið í P:\Aðfangaeftirlit\Access – Fóður (SKRA-012).

4. Skjalið er vistað á pdf formi og sent umsækjanda með t-pósti. Það er einnig birt á þjónustugátt. Sé skráningarumsókn hafnað er umsækjanda tilkynnt það úr málinu. Að lokinni afgreiðslu málsins er því lokað. Að lokum er gerður reikningur vegna skráningarinnar á http://verk.mast.is.